



Sveitarfélagið
Hornafjörður

Breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi

- Afmörkun Vatnajökulspjóðgarðs
- Stækkun afþreyingar- og ferðamannasvæðis (AF16)

Lýsing skipulagsverkefnis

28. febrúar 2019

GLÁMA·KÍM

VSÓ RÁÐGJÖF

19151

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	19.2.2019	SGT/SK	SK	SGT
2	27.3.2019	SGT/SK	SK	SGT

Efnisyfirlit

1	Lýsing skipulagsverkefnis	2
1.1	Forsendur	2
1.2	Staðhættir	2
2	Breytingartillaga	2
2.1	Afmörkun Vatnajökulspjóðgarðs	2
2.2	Afmörkun á afþreyingar- og ferðamannasvæði [AF16]	3
3	Umhverfismat aðalskipulagsbreytingar	3
3.1	Helstu áhrifaþættir	3
3.2	Helstu umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið	4
3.1	Vægismat umhverfisáhrifa	4
4	Tengsl aðalskipulagsbreytingar við aðrar áætlanir	4
4.1	Landsskipulagsstefna 2016-2025	4
4.2	Lög um Vatnajökulþjóðgar	5
4.3	Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs	5
5	Framsetning skipulagsgagna	5
6	Málsmeðferð, samráð og kynning	6
6.1	Umsagnaraðilar	6
6.2	Athugasemdir	6
7	Tímaáætlun	6

1 Lýsing skipulagsverkefnis

1.1 Forsendur

Svæðisráð suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs hefur ákveðið að vinna að nýju deiliskipulagi við Jökulsárlón vegna breyttra forsendna. Samhliða þeirri vinnu kann að þurfa að breyta aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Mögulegar breytingar varða:

- (1) Afmörkun Vatnajökulspjóðgarðs, sem tekur nú til Jökulsárlóns og stórs hluta Breiðamerkursands.
- (2) Fjölgun ferðamanna og hugsanlega þörf á að breyta afmörkun á svæði sem fellur undir afþreyingar- og ferðmannasvæði (AF16) við Jökulsárlón.

1.2 Staðhættir

Skipulagssvæðið er innan Vatnajökulspjóðgarðs. Landnotkunin innan þess er fyrir ferðaþjónustu, efnistöku, óbyggt svæði og strandsvæði. Innan skipulagssvæðisins er hringvegurinn.


2 Breytingartillaga

2.1 Afmörkun Vatnajökulspjóðgarðs

Árið 2017 var gerð breyting á þjóðgarðsmörkum á þann hátt að Jökulsárlón og aðliggjandi svæði á Breiðamerkursandi voru felld inn í Vatnajökulspjóðgarð, í vestur eru mörkin nærri Fjallsá og í austur við Fellsá. Nauðsynlegt er að afmarka ný þjóðgarðsmörk á skipulagsupprætti.

Áður fylgdu þjóðgarðsmörkin Vatnajökli (mynd 2.2), en eru nú stækkuð (mynd 2.1).


Breytingin felst í að breyta skipulagsuppráttum fyrir Öræfi og Suðursveit, ásamt skipulagsupprætti fyrir sveitarfélagið í heild sinni. Einnig munu verða breytingar á skilmálum vegna framkvæmda innan stækkaðs svæðis í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.



Mynd 2.1 Breytt afmörkun Vatnajökulspjóðgarðs. Svæðið á milli Fjallsár og Fellsár er nú hluti af þjóðgarðinum.

2.2 Afmörkun á afþreyingar- og ferðamannasvæði [AF16]

Til skoðunar er að breyta afmörkun svæðis AF16 eða hliðra því (sjá mynd 2.2) til að mæta þörfum þjóðgarðsins og fjölgun gesta. Ekki liggur fyrir fyrirkomulag breytingar. Forsenda breytinga er gerð deiliskipulags fyrir Jökulsárlón. Þar verður unnin þarfagreining um stærð og staðsetningu svæðisins. Atriði sem eru til skoðunar eru hvort að stækka/færa eigi svæðið vestur fyrir brúarstæðið, suður fyrir Hringveg og/eða lengra til austurs og meðfram lóninu.



Mynd 2.2 Þættir sem falla undir aðalskipulagsbreytingu: (1) Breyta þarf afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs, og (2) möguleg breyting á afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF16).

Breytingin felst í að breyta skipulagsuppráttum fyrir Öræfi, ásamt töflu í greinargerð, þar sem gerð verður grein fyrir stærð svæðis. Í dag er það skilgreint sem 25 ha.

Einnig munu verða breytingar á skilmálum vegna framkvæmda innan þjóðgarðs, sem

3 Umhverfismat aðalskipulagsbreytingar

Gera þarf grein fyrir umhverfisáhrifum breytingartillögu aðalskipulags í samræmi við skipulagslög og lög um umhverfismat áætlana. Umhverfismatið mun byggja á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030, ásamt því að líta til umhverfismats deiliskipulags Jökulsárlóns sem er unnið samhliða.

3.1 Helstu áhrifapættir

Stuðst er við sömu áhrifapætti og eru í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030. Þeir sem eiga við eru:

Uppbygging ferðaþjónustu: Með frekari uppbyggingu ferðaþjónustu er líklegt að fylgi aukinn straumur ferðamanna í sveitarfélaginu. Staðarval uppbyggingar og dreifing ferðamannastraums kemur til með að hafa áhrif á ýmsa umhverfispætti.

Efnistaka: Efnistaka vegna áformaðra framkvæmda skv. aðalskipulagi hefur bein áhrif á land og lífríki. Einnig getur hún haft áhrif á ásjúnd.

3.2 Helstu umhverfispættir, matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur	Matsspurningar
Lífriki/náttúra	Hafa breytingar áhrif á verndarsvæði, viðkvæm svæði, bú- og fæðuöflunarsvæði fugla eða varpland fugla?
Sjór og vötn	Hafa breytingar áhrif á vatnsverndarsvæði eða strandlengjuna?
Landslag/ásýnd	Hafa breytingar áhrif á náttúrulegt landslag, óbyggð svæði?
Fornminjar	Hafa breytingar áhrif á menningarminjar, eða búsetu/menningarlandslag?
Samfélag	Hafa breytingar áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?

Viðmið og gögn

- Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, lög um náttúruvernd s.s. 37. gr. og 61. gr., Náttúruminjasráð (svæði nr. 635)
- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp, og Samantekt Umhverfisstofnunar um stöðu fráveitumála á Íslandi árið 2014 (2017).
- Skýrsla ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um þolmörk ferðamennsku.
- Sveitarfélagið Hornafjörður. Ferðamál. Efla 10.04.2018.

3.1 Vægismat umhverfisáhrifa

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum verður lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkunin verður einfaldari en er í aðalskipulaginu 2012-2030, þar sem ítarlegra mat fer fram í deiliskipulagsvinnunni. Flokkun umhverfisáhrifa verður eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Í umhverfisskýrslu verður farið yfir rökstuðning fyrir vægismati hvers umhverfispáttar og lagðar til mótvægisaðgerðir og vöktun eftir því sem við á.

4 Tengsl aðalskipulagsbreytingar við aðrar áætlanir

4.1 Landsskipulagsstefna 2016-2025

Í breytingartillögu verður litið til eftirfarandi leiðarljósa í landsskipulagsstefnu:

- Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi.
- Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.

4.2 Lög um Vatnajökulþjóðgarð

Skv. 2. gr laga um Vatnajökulþjóðgarð, nr 60/2007 eru eftirtalin fjögur markmið með stofnun þjóðgarðsins:

1. Vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar.
2. Gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins.
3. Stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræða um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins.
4. Leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins.

Þessi markmið þjóðgarðsins eru grundvöllur deiliskipulagsvinnunar.

4.3 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs

Árið 2017 var gerð breyting á þjóðgarðsmörkum á þann hátt að Jökulsárlón og aðliggjandi svæði á Breiðamerkursandi voru felld inn í Vatnajökulþjóðgarð, í vestur að Fjallsá og í austur að Fellsá. Því er stefna og markmið stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins grundvöllur fyrir deiliskipulagsvinnunni. Sérstaklega er horft er til kafla 7 í Stjórnunar- og verndaráætlun varðandi þrjú meginmarkið í starfi þjóðgarðsins.

Að vernda, viðhalda og þróa

Þar eru sett fram ákveðin undirmarkmið, sem felast m.a. í að varðveita samfelldar landslagsheildir og jarðminjar, að tryggja verndun samfelldra, heildstæðra og fágætra jarðmyndana og stýra umferð um þær, að tryggja að mannvirki falli vel að landslagi, jarðmyndunum og gróðurfari, að byggja upp trausta innviði með markvissum hætti, að vinna markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif í rekstrinum og að setja skýrar reglur um leyfisveitingar vegna atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins.

Að upplifa

Þar eru sett fram ákveðin undirmarkmið, sem felast m.a. í að þjónusta og aðstaða stuðli að ánægjulegri upplifun gesta, að samgöngukerfi þjóðgarðsins sé í góðu samræmi og stýri för gesta, að fötluðum sé tryggt aðgengi að ákveðnum svæðum, að tryggja markvissa miðlun upplýsinga og vandaða fræðslu og náttúrutúlkun.

Að skapa

Þar eru sett fram ákveðin undirmarkmið, sem felast m.a. í að stuðla að sjálfbærri nýtingu land- og náttúrugæða, að setja skýr viðmið um gæði og samstarf við þjónustuaðila og rekstraraðila, að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu innan þjóðgarðsins og í jaðarbyggðum hans og að stuðla að fræðandi ferðamennsku, með áherslu á náttúruskoðun.

5 Framsetning skipulagsgagna

Breytingartillögur fyrir Örnefi og Suðursveit verða á uppdrætti í mkv. 1.50.000, sem sýnir gildandi landnotkun og tillögu að breytingu. Ef þörf er á að gera einnig breytingu á sveitarfélagsuppdrætti verður það gert, og er hann í mkv. 1:100.000.

Stutt greinargerð fylgir breytingu, sem gerir grein fyrir stöðu skipulags fyrir og eftir breytingu. Jafnframt fylgir kaflí um umhverfisáhrif breytinga.

6 Málsmeðferð, samráð og kynning

Ef breytingar á aðalskipulagi falla undir 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 verður samráð og kynning fyrir almenning, íbúum og helstu umsagnaraðilum verður í samræmi við 31. gr. skipulagslaganna. Ef breytingin verður óveruleg verður málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga.

Öll gögn skipulagsbreytinga verða aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar www.hornafjordur.is.

Samhliða kynningu á aðalskipulagsbreytingum verða kynnt skipulagsgögn vegna nýs deiliskipulags fyrir Jökulsárlón.

6.1 Umsagnaraðilar

Helstu umsagnaraðilar skipulagsgagna eru:

- Vatnajökulsþjóðgarður
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Orkustofnun
- Veðurstofa Íslands
- Skipulagsstofnun

6.2 Athugasemdir

Ábendingar og athugasemdir skulu berast skriflega og má skila þeim til Sveitarfélagsins Hornafjarðar, b.t. Gunnlaugs Róbertssonar, skipulagsstjóra, bæjarskrifstofur, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða í tölvupósti á gunnlaugur@hornafjordur.is. Æskilegt er að þær berist fyrir 3. apríl 2019.

7 Tímaáætlun

Stefnt er að því að ljúka skipulagsvinnu eins fljótt og auðið er, þannig að unnt verði að hefja framkvæmdir sem fyrst. Ef málsmeðferð er skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslag verða helstu áfangar skipulagsins eftirfarandi:

Mars: Kynning á lýsingu skipulagsverkefnis.

Mai: Kynning á drögum að skipulagsbreytingu ásamt drögum að umhverfisskýrslu, skv. 30. gr. skipulagslaga.

-
- Júní-ágúst:** Auglýsing á tillögu að aðalskipulagsbreytingum (6 vikur), skv. 31. gr. skipulagslaga.
- Október:** Afgreiðsla og staðfesting Skipulagsstofnunar á aðalskipulagsbreytingum, skv. 32. gr. skipulagslaga.